

**Nd.**  
um áætlunarráð ríkisins.

**93. Frumvarp til laga**

[77. mál]

**Flm.: Einar Olgeirsson.**

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar 9 manna ráð, er nefnist áætlunarráð ríkisins, samkvæmt tilnefningu svo sem hér segir: Fjórir menn skulu tilnefndir einn af hverjum nú-

verandi þingflokka, en aðrir fjórir einn af hverju eftirgreindra samtaka: Alþýðusambandi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Landssambandi isl. útvegsmanna og Félagi isl. iðnrekenda. Einn skipar ríkisstjórn án tilnefningar, og skal hann að öðru jöfnu skipaður úr hópi þeirra sérfræðinga, sem eru vísindalega menntaðir um áætlanagerð, hagfræði eða í höfuðgreinum íslenzks þjóðarbúskapar. Ríkisstjórnin skipar formann ráðsins. Allir ráðsmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

#### 2. gr.

Hlutverk ráðsins er að semja heildaráætlanir um þjóðarbúskap Íslendinga, er gerðar skulu í samráði við ríkisstjórn.

Áætlanir þessar skulu vera tvenns konar:

1. Heildaráætlanir um þróun atvinnulífsins og fjárfestingu þjóðarinnar fyrir 5—10 ára tímabil.
2. Áætlanir fyrir eitt ár í senn um allan þjóðarbúskapinn.

#### 3. gr.

Heildaráætlanir þær, sem um ræðir í 1. tölulið 2. gr., skulu miðaðar við eftirfarandi:

1. Að öll framleiðslugeta landsmanna sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna og batnandi raunveruleg lífskjör á grundvelli aukinnar framleiðslu, betri skipulagningar þjóðarbúskaparins og réttlátari skiptingar verðmætanna.

2. Að auðlindir lands og þjóðar verði sem best hagnýttar í þágu þjóðarheildarinnar til þess að auka velmegun og tryggja afkomu þjóðar og einstaklinga og varðveita og efla sjálfstæði þjóðarinnar.

3. Að atvinnuvegir landsmanna verði eflir og nýir skapaðir, til þess að þjóðin eignist sem fjölbreytilegast atvinnulíf, en þó einbeitt að því að efla fyrst og fremst þær atvinnugreinar, er veita í senn beztu hagnýtingu á auðlindum þjóðarinnar, mestu afkastagetu landsmanna og beztu nýtingu fáanlegra markaða og skapa þannig forsendur fyrir sem beztum lífskjörum þjóðarinnar.

Í þessum heildaráætlunum skal áttlið þróun hvernar atvinnugreinar, eins og best samrýmist heildarhagsmunum þjóðarinnar, svo og hver höfuðatvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita til þess að tryggja, að þeim tilgangi, sem vinna skal að samkvæmt þessari grein, verði náð.

Áætlunarráðið skal og gera áætlanir um, hvar tækin skuli staðsett, og tillögur um byggingar, byggðapróun og aðrar framkvæmdir í því sambandi.

#### 4. gr.

Áætlanir þær, sem um ræðir í 2. tölulið 2. gr., skal gera um allan rekstur þjóðarbúskaparins fyrir ár hvert, bæði rekstur og þróun hinna einstöku atvinnugreina innanlands og viðskipti þjóðarinnar út á við.

Áætlanir þær, sem fjalla um tekjur og gjöld þjóðarinnar í viðskiptum við önnur lönd, skulu gerðar í samráði við ráðherra þann, sem fer með viðskiptamál, og skal síðan leggja þær til grundvallar fyrir viðskiptin á næsta ári. Þessar áætlanir skulu gerðar með það mark fyrir augum að ná sem hagstæðustum viðskiptum og greiðslujöfnuði við önnur lönd, skapa þjóðinni öruggt fjárhagslegt sjálfstæði út á við og gera henni kleift að framfylgja heildaráætlunum um uppbyggingu atvinnulífsins og þeim fyrirætlunum um örugga og batnandi lífsafkomu almennings, sem unnið er að hverju sinni.

Á sama hátt skal áætlunarráð og við samningu áætlana sinna hafa samráð við hin einstöku ráðuneyti um hinar ýmsu atvinnugreinar, er undir þau heyra.

#### 5. gr.

Til þess að ná þeim tilgangi, er lög þessi mæla fyrir um að stefna skuli að með framkvæmd áætlana þessara, skal áætlunarráð vinna að því að sameina og efla framtak jafnt einstaklinga, samvinnufélaga, sveitarfélaga og ríkisins.

Þá skal og áætlunarráð gera sér sem gleggsta grein fyrir þörf íslensks atvinnulífs á sérmenntuðum mönnum á hverjum tíma og vinna að því í samstarfi við hlutaðeigandi stofnanir, að ráðstafanir séu gerðar til að sérmennta íslenska menn og tryggja þjóðfélaginu starfskrafta þeirra.

Til þess að skapa sem bezta samstöðu meðal þjóðarinnar og hagnýta sem bezt þekkingu og hugvit einstaklinga, skal áætlunarráð a. m. k. ársfjórðungslega boða til fundar með fulltrúum, er kosnir séu af eftirfarandi samtökum og stofnunum eða stjórnnum þeirra til þess að mæta í slíku fulltrúaráði: Alþýðusambandi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Verzlunarráði Íslands, Seðlabanka Íslands, atvinnudeild háskólans, raforkumálastjórn ríkisins og Fiskifélagi Íslands. Þá hefur og áætlunarráð rétt til að bjóða fleirum þátttöku. Á slíkum fundum skal áætlunarráð kynna hugmyndir og fyrirætlanir sínar og gefa fulltrúunum tækifæri til athugasemda, gagnrýni, tillagna og hvers konar ábendinga og leiðbeininga.

Höfuðmarkmiðið í öllu starfinu skal vera að reyna að sameina þjóðina sem bezt um að tryggja sem skynsamlegasta hagnýtinu á auðlindum landsins, framleiðslutækjum, vinnuafli og fjármagni þjóðarinnar í hennar eigin þágu á grundvelli beztu rannsókna á hinum ýmsu sviðum, sem hægt er að gera á hverjum tíma.

#### 6. gr.

Í þeim hlutum áætlananna, sem fjalla um vinnuafli og fjármagn til atvinnurekstrar og nýrra framkvæmda, skal eigi aðeins gerð grein fyrir, hver nauðsyn sé á hvoru tveggja og í hve ríkum mæli, heldur og hvernig útvega skuli, ef fyrirsjáanlegur skortur er á vinnuafli eða fjármagni. Skal áætlunarráð um þessi efni kappkosta að hafa gott samráð við verkalýðssamtökin, samtök atvinnurekenda og fulltrúa atvinnurekstrar, bankana og önnur þau samtök og stofnanir, sem framkvæmd áætlananna í þjóðarbúskapnum kemur síðan sérstaklega til að byggjast á.

#### 7. gr.

Áætlunarráð skal við gerð fyrstu 10 ára áætlunarinnar hafa þá höfuðstefnu, er hér segir:

Á fyrri hluta þessa tímabils skal einbeita sér að því að koma á sem mestri fullvinnslu sjávarafurða og landbúnaðarafurða og annarra hráefna og afurða íslenskra með það fyrir augum, að þjóðin megi verða iðnaðarþjóð, er flytur framleiðslu sína fullunna úr landi. Samtímis skal efla þá atvinnuvegi, er fyrir eru, og stuðla að uppkomu nýrra atvinnutækja, er ætla má að hafi heilbrigðan grundvöll.

Á fyrri hluta tímabilsins skal undirbúa áætlanir um að framkvæma á síðari hluta tímabilsins stórvirkjun fallvatna og rannsaka til hlítar, hvers konar iðnaði í allstórum stíl yrði bezt upp komið á því skeiði til hagnýtingar raforkunnar, þannig að slík fyrirtæki séu í senn undir yfirráðum Íslendinga, hagnýti vinnuafli og fjármagn haganlegast í þágu þjóðar og einstaklinga og hægt sé um leið að tryggja sem allra mesta sölu á framleiðslu þeirra úr landi til langs tíma, svo að áhætta þjóðarinnar verði sem minnst.

#### 8. gr.

Þegar áætlunarráð hefur lokið samningu þeirra áætlana, er um ræðir í 2. gr., skulu þær lagðar fyrir ríkisstjórnina til staðfestingar.

Ríkisstjórn skal kunngera Alþingi hina staðfestu áætlun, að jafnaði með því að láta eins árs áætlanir fylgja fjárlögum sem fylgiskjal, en áætlanir til lengri tíma séu lagðar fram með sérstakri þingsályktun til samþykktar.

Þegar áætlanir hafa hlotið endanlega samþykkt, er það síðan verkefni ríkisstjórnar, hinna einstöku ráðuneyta, Seðlabankans og allra annarra stofnana ríkisins undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar að sjá um framkvæmd á þessum áætlunum til fulls, og skal öll stjórn á lánsfjármálum og utanríkisviðskiptum þjóðarinnar og öll afskipti hins opinbera af atvinnu- og verzlunarlífinu við þetta miðuð.

#### 9. gr.

Ríkisstjórnin skipar framkvæmdastjóra áætlunarráðs að fengnum tillögum þess. Áætlunarráði er heimilt að ráða innlenda sem erlenda sérfræðinga að fengnum tillögum framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk.

Fela skal áætlunarráði þau verkefni, sem Framkvæmdabanki Íslands nú hefur að lögum um áætlanir í fjárfestingarmálum og ráðleggingar til ríkisstjórnar í efnahagsmálum.

Fela má áætlunarráði starf þeirra millipinganefnda, sem nú eru starfandi að svipuðum verkefnum: atvinnumálanefndar ríkisins og rannsóknarnefndar á milliliðagróða, og skulu þá nefndir þessar lagðar niður.

Kostnaður við störf áætlunarráðs greiðist úr ríkissjóði.

#### 10. gr.

Nánari fyrirmæli um starf áætlunarráðs skal setja í reglugerð.

#### 11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Íslandi verður ekki stjórnað, svo að vel fari og frelsi landsbúa og velferð sé tryggð, nema hugsað sé um land vort sem eitt þjóðarbú, þannig að þjóðin skipuleggi aðalsölu útflutningsafurðanna, stjórnin innkaupum þjóðarbúsins í samræmi við nauðsyn útflutningsins og hagsmuni þjóðarheildarinnar, ráði í aðalatriðum stefnu fjárfestingarinnar til þess að tryggja undirstöðu framleiðslunnar og hraða og rétta þróun hennar. Innan slíks heildarskipulags verður svo að tryggja og hagnýta í þjóðarþágu jafnt framtak einstaklinga, félaga sem annarra heilda.

Það stjórnleysisástand, sem ríkt hefur undanfarin ár undir nafni verzlunarfrelsisins, hefur einkennzt af því að beygja allan þjóðarbúskapinn, allt efnahagslífið undir sérhagsmuni verzlunarauðvaldsins. Innflutningur bílpúsundanna og bygging bílaumboðshallanna við Suðurlandsbraut í Reykjavík, ásamt sölu nýjustu togaranna úr landi, munu verða minnisvarði efnahagsstefnu verzlunarauðvaldsins og forsjár þess fyrir þjóðinni. Það hefur verið ógæfa Íslands, hve sterkt einmitt þetta auðvald hefur verið hér og hvernig það hvað eftir annað hefur komið efnahagslífi Íslands í öngþveiti með yfirdrottun sinni.

Á meðan alþýðan tekur ekki sjálf um stjórnvölinn og tekur að leiða Ísland fram til þjóðnýtingar, samvinnu og sameignar sem aðaleinkenna þjóðarbúskaparins, þ. e. fram til þjóðfélags sósíalísmans, þá er aðeins um tvær höfuðstefnur að ræða í íslensku efnahagslífi:

Önnur er sú stefna verzlunarauðvaldsins, sem nú ríkir. Sé henni haldið áfram rökrétt og hún framkvæmd út í yztu æsar, verður að innlima Ísland í einhverja stóra viðskiptaheild, leyfa frjálsan innflutning erlends auðmagns og ef með þarf erlends verkafólks og láta lögmál hins óhefta peningavalds fá að ráða á öllum

sviðum þjóðarbúskaparins. Af því leiddi drotnun erlendra auðhringa yfir Íslandi. Afl fossanna, hiti jarðarinnar, auður fiskimiðanna, allt yrði þetta þá gert að auðs-  
uppsprettu fyrir nokkra fáa fjármáladrottna erlenda, er hagnýttu framleiðslutækin  
og vinnuaflið einvörðungu í gróðaskyni. Þessi stefna er í rökréttri framkvæmd  
sinni innlimunarstefna, er jafngildir tortímingu íslenzks sjálfstæðis. Til lítils höfum  
vér þá endurreist lýðveldi á Íslandi eftir 600 ára nýlendukúgun, ef land vort og  
þjóð á aftur að verða erlendu auðvaldi að bráð, jafnvel með þeim afleiðingum að  
glata þjóðerninu, sem varðveittist þó gegnum allar aldir og þrengingar fornu  
nýlendukúgunarinnar.

Hin stefnan er að sameina þjóðina og þá fyrst og fremst höfuðstéttir hennar í  
framleiðslulífínu um að reka þjóðarbúskap vor Íslendinga sem fullkomnast og vit-  
urlegast í eigin þágu. Það er íslenzk sjálfstæðisstefna. Öld vor er öld hinna miklu  
samsteyrna í efnahagslífínu. Hin hraða þróun tækninnar knýr fram vaxandi stór-  
rekstur og aukna samvinnu hinna smærri í atvinnulífínu. Vér erum allt of fámennir  
til þess að hafa efni á þeim allsherjar glundroða brasksins, sem nú einkennir þjóð-  
lífið. Allir íslenzkir verkamenn eru vart fleiri en þeir verkamenn, sem starfa hjá  
stærsta fyrirtæki Svíþjóðar, rafmagnsfyrirtækinu ASEA. Til þess að geta haldið  
sjálfstæði voru í þessum frumskógi risafyrirtækjanna, sem vér verðum að berjast í,  
verðum vér sjálfir að vera sterkir og sameinaðir, hafa heildarstjórn á efnahagslífi  
voru út á við: áætlunarbúskap. En innbyrðis geta öll hin gömlu, hefðbundnu form  
íslenzks þjóðarbúskapar þrífizt: einstaklingsrekstur, samvinnurekstur, bæjarrekstur,  
ríkisrekstur o. s. frv. Slíkt er ekki aðeins íslenzkri alþýðu og þjóðarheildinni fyrir  
beztu, heldur og þeim íslenzkum atvinnurekendum, sem undanfarið hafa látið heillast  
af „viðskiptafrelsinu“, því að þeir eru flestir það smáir á alþjóðamælikvarða, að  
þeir yrðu flestir troðnir undir járnhælum erlendu auðhringanna, ef Ísland yrði  
þeim að bráð.

Til þess að hægt sé að framkvæma þennan takmarkaða áætlunarbúskap, sem  
frv. þetta leggur til, þarf í þjóðfélagi voru, eins og það er nú, gagnkvæman skil-  
ning og helzt samstarf höfuðstéttanna í framleiðslunni: verkalyðs á sjó og landi,  
atvinnurekenda í sjávarútvegi og iðnaði og bænda. Alveg sérstaklega er það nauð-  
synlegt, að þær höfuðvaldsstéttirnar, sem andvígastar eru og andstæðastrá hags-  
muna hafa að gæta, verkalyðurinn og atvinnurekendur í framleiðslunni, geti lagzt  
á eitt um framkvæmd slíkra áætlana fyrir þjóðarbúskapinn sem hér er gert ráð fyrir.  
Það hefur verið mikil ógæfa Íslendingum, að á því tveggja áratuga tímabili, sem  
þetta valdajafnvægi hefur raunverulega verið á milli þessara höfuðstétta, hefur auð-  
mannastéttin hvað eftir annað undir leiðsögn óraunsærra aðila og sumpart sakir  
óhollra erlendra áhrifa lagzt út í dýrar, en árangurslausar tilraunir til þess að koma  
á harðstjórn auðvalds gegn verkalyð, allt frá gerðardómslögunum illræmdu 1942 og  
fram til hins ljóta gengisfellingar- og verðbólguleiks síðustu ára. Það er orðin mikil  
nauðsyn þjóð vorri, að í stað þess að gera landið að vettvangi sífelldra hjaðningavíga  
og ríkisvaldið að ránstæki yfirstéttar til þess að ræna almenning kaupgjaldi hans,  
þá sé tekið höndum saman um skipulega eflingu framleiðslulífsins samkvæmt fyrir  
fram gerðum áætlunum og ríkisvaldinu beitt til þess að skipuleggja framfarirnar  
og raunhæfar, varanlegar lífskjarabætur almennings, sem hljóta að vera höfuð-  
tilgangur framleiðslustarfseminnar. Frv. þetta stefnir að því, að svo megi verða.

Frv. þetta hefur, í nokkuð breyttum myndum, verið flutt á flestum þingum  
síðasta hálfan annan áratug. Sjálft er þetta mál miklu eldra sem baráttumál íslenzkrar  
verkalyðshreyfingar, og rek ég það að nokkru í fskj. I. En um nokkrar af einstökum  
greinum frv. skulu fylgja eftirfarandi athugasemdir og skýringar. Í fskj. II er að  
finna yfirlit yfir þróun kaupmáttar lægsta Dagsbrúnarkaupts á síðustu tveim ára-  
tugum. Sú tafla sýnir með vissum takmörkunum þróun lífskjaranna hjá ófag-  
lærðum verkamönnum. Þessar takmarkanir eru fyrst og fremst eftirfarandi:  
Taflan sýnir þróun lífskjaranna eingöngu miðað við 8 tíma vinnudag og án þess

tillit sé tekið til húsnæðiskostnaðar og skatta, sem vissulega er ákaflega stór þáttur útgjaldanna hjá verkamannafjölskyldu, en mjög misjafn hvað húsnæðisútgjöld snertir. Þá ber þess að gæta við þessa töflu, að frá 1942 til júniloka 1965 er kaupmáttur tímakaups og kaupmáttur vikukaups hinn sami, þar sem allt þetta tímabil var 8 tíma vinnudagur, 48 tíma vinnuvika. Frá júnílokum 1965 kemst hins vegar á 44 tíma vinnuvika, og verður því taflan tvískipt frá þeim tíma: annars vegar kaupmáttur tímakaups, hins vegar kaupmáttur hinnar nýju stytta vinnuviku. Þá tekur þessi tafla ekki heldur tillit til atvinnuleysis, þar sem það er. Þess skal getið, að á síðustu árum hafa hafnarverkamenn og ýmsir fleiri verkamenn fengið „flokka“-hækkanir, sem gerir kaup þeirra 3—5% hærra en lægsti taxtinn er.

#### Um einstakar greinar frv.

##### Um 1. gr.

Það þykir rétt, að í ráðinu eigi sæti bæði fulltrúar stjórnmalaflokkanna og þýðingarmestu stéttarsamtakanna í framleiðslulífinu.

##### Um 3. gr.

Tilgangurinn með öllum áætlunarbúskap, með allri framleiðsluaukningu á auðvitað að vera sá að bæta lífskjör þjóðarinnar, létta af henni þeim mikla vinnuþrældómi, sem hún nú býr við, en tryggja hana um leið gegn vágesti atvinnuleysisins. Af því leiðir, að auðvitað verður að stjórna svo, að eigi verði verðbólga, heldur aukist í sífellu kaupgeta launa eða þau hækki (nema hvort tveggja sé) og samtímis vaxi sá þáttur tekna almennings, sem fram kemur í auknum þjóðfélagsfríðindum. Undanfarna áratugi hefur hins vegar hluti af atvinnurekendastéttinni og verðbólguflokkarnir legið á því lúalagi að svipta með síaukinni verðbólgu launþega hluta þeirra kauphækkana, er þeir áunnu sér með baráttu sinni. Þess vegna hefur kaupgeta tímakaups í 18 ár hjakkað í sama farinu og um nokkurt skeið lækkað niður í það lægsta, sem hún hefur komizt. (Kaupgeta lægstu tímakaups-Dagsbrúnarmanna var 100 árið 1945 og 100 aftur nóv.—des. 1958, en var í des. 1963 komin niður í 81 stig.) Þetta hefur yfirstéttin og flokkar hennar getað gert, af því að þeir höfðu ríkisvaldið í sínum höndum. Á sama tíma sem alþýðan varð að bæta sér upp minnkada kaupgetu dagkaups með þrotlausum eftirvinnuþrældómi, ef hann fékkst, eða skorta ella, hefur verðbólgugróðinn safnast fyrir í höndum sérrettindamanna til bankalána.

Það leiðir af sjálfu sér, að slík beiting ríkisvaldsins til arðráns á alþýðustéttunum verður að hætta, en í staðinn sé tekinn upp sú stefna að beita ríkisvaldinu til eflingar þjóðarframleiðslunnar og til þess að tryggja það, að vaxandi afköst og auðlegð þjóðarbúsins verði launþegum og alþýðu manna til aukinnar hagsældar.

Ef samkomulag það, sem Alþýðusambandið, ríkisstjórnin og atvinnurekendur gerðu í júní 1964, er tryggja skyldi vísitöluuppbót á kaupgjald, reynist farsælt og dýrtíðin verður stöðvuð, gæti það samkomulag orðið upphaf breyttrar stefnu í þessum málum.

Þá skal sérstaklega undirstrika gildi síðustu málgreinarinnar um staðsetningu atvinnutækja, byggðapróun o. s. frv. Það er mikil nauðsyn, eigi aðeins þjóðarbúskap vorum, heldur og þjóðerni voru og þjóðarerfðum, að breytt verði um frá því, sem nú er, að láta blint lögmál peninganna ráða byggðapróun í landinu með þeim afleiðingum, að öll aukning þjóðarinnar safnast á einn stað: Reykjavík og nágrenni og Reykjanes. Með viturlegum áætlunarbúskap getur þjóðin sjálf stjórnað þessari próun, látið allstóra bæi rísa í hinum ýmsu fjórðungum landsins, þar sem skilyrði eru hagstæðust, með því að beina þangað fjármagni og framleiðslutækjum. Að nokkru var þetta reynt með nýsköpunarstefnunni 1944 til 1946. Án þess að þannig sé gripið í taumana, mun sú samþjöppun þjóðarinnar á einn stað, sem

einkennt hefur alla 20. öldina hér, halda áfram skefjalaust. Er það jafnt íbúum Reykjavíkur sem öðrum landsmönnum hagsmunaaatriði, að höfð sé viturleg stjórn og fyrirhyggja á um þessi mál, en blint samþjöppunarlögmál peningavalds ekki látið ráða.

#### Um 4. gr.

Vér Íslendingar flytjum út 40% allrar framleiðslu vorrar, og mun vart nokkur önnur þjóð í heiminum eiga afkomu sína í svo ríkum mæli undir utanríkisverzlun sem vér. Oss er því lífsnauðsyn að geta útilokað alla hættu á viðskiptakreppum og markaðsvandræðum. Það gerum vér bezt með því annars vegar að tryggja útflutning vörn sem bezt með viðskiptum við hin sósíalistisku lönd, sem gera stóra fyrirfram-samninga við oss, og hins vegar með því að skipuleggja sem bezt haráttu vora fyrir mörkuðum í auðvaldslöndunum. Það sýnir sig bezt í sambandi við freðfisk-útflutninginn, hvílíkt öryggi það er framleiðslunni að geta selt t. d. meiri hluta hennar til landa sósíalismans fyrirfram gegn greiðslu við afskipun og geta svo með þessa tryggingu sem bakhjarl rutt vörinni til rúms, eins og þegar hefur gerzt í Bandaríkjum Norður-Ameríku. En til þess að geta stjórnað þessum viðskiptum í heild er sú yfirstjórn á utanríkisverzluninni, sem felst í þessu frv. um áætlunar-ráð, einkum 4. og 8. gr., alveg óhjákvæmileg.

#### Um 7. gr.

Það er nauðsynlegt, að Alþingi mæli fyrir um það í lögum, hver skuli vera höfuðstefnan í aukningu framleiðslunnar. Vitað er, að langsamlega mestu vinnu-afköst á Íslandi eru í sjálfum aflabrógðunum. Vér Íslendingar eigum þar heims-met, þannig að fiskimagn vort miðað við hvern sjómann er miklu hærra en nokk-urrar annarrar þjóðar, jafnvel fjórfalt og stundum allt að sjöfalt meira en þeirrar þjóðar, er næst kemur. Það leiðir af sjálfu sér, að efling sjávarútvegsins hlýtur því áfram að vera höfuðstefnan. Bendir og allt til þess, að þörfin og markaðurinn fyrir matvæli, — ekki sízt svo ágæt sem vor, — fari hraðvaxandi og sé oss því að öllu leyti hentugast að einbeita oss að matvælaframleiðslunni. En jafnframt er hin brýnasta nauðsyn að margfalda fullvinnslu hennar og gera oss vöruna þannig dýrmætari. Vér höfum að miklu leyti verið hráefnaframleiðendur. Iðnbýlting í mat-vælaframleiðslu vorri á að vera höfuðverkefni fyrstu fimm ára áætlunar Íslendinga. Fiskurinn, síldin, laxinn (sem margfalda má með klaki), allt bíður þetta enn í ríkum mæli verksmiðjuíðnaðar til fullvinnslu, þ. á m. niðursuðu og niðurlagningar. Sama gildir um ýmsar landbúnaðarafurðir, þ. á m. ullina, svo sem þegar er byrjað. — Hér er því megináherzla lögð á fullvinnslu hinna innlendu afurða og aukna fram-leiðslu þeirra til að byrja með.

#### Um 8. gr.

Það leiðir af sjálfu sér, að áætlunin, sem samin er í samráði við hin ýmsu ráðu-neyti, leggst fyrir ríkisstjórn á eftir til þess að fá samþykki hennar. Síðan leggur ríkisstjórn áætlanirnar fyrir Alþingi. Þegar Alþingi hefur samþykkt þær, er lítið á þær sem framkvæmdastefnu ríkisins á öllum sviðum efnahagslífsins og öllum stofnunum ríkisins falið það verkefni að sjá um framkvæmd þeirra undir yfirstjórn ríkisstjórnar.

### Fylgiskjal I.

Saga þessa máls, sniðin upp úr eldri greinargerð um málið.

Frumvarpið um áætlunarráð felur í sér ákvörðun um að stiga eitt spor áfram til að koma á heildarstjórn á íslenskum þjóðarbúskap samkvæmt fyrir fram gerð-

um áætlunum. Og til þess að það skiljist til fulls, hvað við er átt með þeirri skipulagsbreytingu, er rétt að líta nokkuð aftur í tímann til þess að sjá, hvernig efnahagsmálin hafa þróast til þessa dags, einkum að því er varðar afstöðu ríkisins til atvinnulífsins — og þá fyrst og fremst afskiptin af sjávarútvegi og gjaldeyrisverzlun.

### 1. Kreppa auðvaldsskipulagsins knýr fram höftin.

Afskipti ríkisins af gjaldeyris- og atvinnumálum byrja fyrir alvöru, eftir að öldur heimskreppunnar bárust til Íslands eftir 1930. Kreppan mikla leiddi í ljós, hve ófært auðvaldsskipulagið var að sjá fólkinu fyrir öruggri atvinnu og sæmilegri afkomu. Verkamenn gengu hundruðum saman atvinnulausir, bændur og útvegsmenn fengu ekki selt afurðir sínar og söfnuðu stórskuldum, heilum atvinnustéttum lá við gjaldþroti, markaðirnir hrundu, vöruverð útflutningsvaranna féll, útflutningurinn minnkaði stórum, og gjaldeyrisvandræðin margfölduðust.

Yfirvöldin gripu til hafta, því að gjaldeyrisframleiðslan varð miklu minni en eftirspurnin, og samtímis var gripið til þess ráðs að lögskipa útflytjendum að skila ríkinu gjaldeyrinum. Samtímis gripu bankar og ríkisstjórn til þess ráðs að veita stærstu útflutningsfyrirtækjunum eins konar ríkisverndaða einokun á saltfiskútflutningnum til þess að verja þau gjaldþroti.

Þessi „þjóðnýting“ gjaldeyrisins hefur staðið síðan og stendur enn þrátt fyrir talið um viðskiptafrelsi. Það var gripið til hennar og gjaldeyrishaftanna sem neyðaráðstafana af borgaralegum yfirvöldum, þegar kreppan leiddi allt gjaldþrot auðvaldsskipulagsins í ljós og hin svokallaða „frjálsa samkeppni“ hafði beðið sitt endanlega skipbrot. Höftin voru neikvæð ríkisafskipti, neyðarárræði til að bjarga að einhverju leyti úr öngþveiti og hruni samkeppniskerfis auðvaldsskipulagsins. Hins vegar hafði verzlunarauðmagnið í landinu hagsmuni af að viðhalda þessum höftum, því að í framkvæmdinni þýddu þau að „þjóðnýta“ gjaldeyrinn, er tekinn var af sjávarútveginum, fyrst og fremst í þágu verzlunarauðvaldsins.

### 2. Alþýðan krefst heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum.

Þegar þessi haftastefna var kerfisbundin frá 1934, reyndi Alþýðuflokkurinn, sem þá var stjórnarflokkur, að hafa áhrif í þá átt að stíga sporið til heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum. Í „4 ára áætlun“ hans 1934—39, stefnuskrá hans í kosningunum 1934, var höfuðtillaga hans og stefna þessi:

„Að hrundið verði þegar í stað í framkvæmd með löggjöf og framtaki hins opinbera auknum atvinnurekstri og framleiðslu *eftir nákvæmri áætlun*, er gerð sé til ákveðins tíma (4 ára) og hafi það markmið að útrýma með öllu atvinnuleysinu og afleiðingum kreppunnar og færa nýtt fjör í alla atvinnuvegi þjóðarinnar með aukinni kaupgetu og neyzlu hinna vinnandi stétta og auknum markaði innanlands.

Stofnuð sé ráðgefandi nefnd sérfróðra manna, þingi og stjórn til aðstoðar, er geri nákvæmar áætlanir um allar opinberar framkvæmdir á tímabilinu og stjórni vísindalegum rannsóknnum til undirbúnings þeim og geri jafnframt tillögur um, *hvernig komið verði fastrí stjórn og skipulagi á allan þjóðarbúskapinn*, jafnt opinberar framkvæmdir og fyrirtæki sem atvinnurekstur einstaklinga, svo að þau verði sem hagkvæmast rekin og aukin með hagsmuni almennings fyrir augum (Plan-ökonomi).

Smáatvinnurekstur í framleiðslu, iðnaði og verzlun, sem starfar á samkeppnisgrundvelli eða með samvinnusniði og eigendur starfa að sjálfir, skal verndaður gegn einokunarhringum og að honum hlúð, enda sé haft með honum nauðsynlegt eftirlit.“



Þótt sú nefnd, er skipuð var til að gera tillögur um skipulag atvinnulífsins — „Rauðka“, ynni mjög merkilegt starf um skýrslusöfnun, varð ekkert úr framkvæmd áætlunarbúskapar. Framsóknarflokkurinn mun ekki hafa haft mikinn áhuga fyrir þessu höfuðmáli Alþýðuflokksins, sem þá var.

„Þjóðnýtingin“ á gjaldeyrinum, þessum afrakstri sjávarútvegsins, hefði eðlilega átt að leiða til þess, að ráðamönnum þjóðfélagsins skildist, að nú varð framtak þjóðarheildarinnar um eflingu sjávarútvegsins, útvegum nýrra skipa, að taka við af því „framtaki“ útvegsmanna, er kreppan hafði drepið niður og gjaldeyrishöftin síðan lamað á sinn hátt. Slíku framtaki hins opinbera var hins vegar ekki að fagna.

Það er ekki fyrr en með „nýsköpun“ atvinnulífsins 1944, að ráðamenn þjóðfélagsins sýna það í verki, að þegar þjóðfélagið sjálft tekur til sín gjaldeyrinn af sjávarútveginum, þá verður líka þjóðfélagið sjálft að hafa fyrirhyggju og framtak um eflingu sjávarútvegsins, sem allt atvinnulífið byggist á.

Með lögum um nýbyggingarráð 27. nóv. 1944 var svo ákveðið í 2. gr. laganna: „Ríkisstjórnin skipar fjögurra manna nefnd, er nefnist nýbyggingarráð. — Hlutverk þess er að búa til heildaráætlun, fyrst um sinn miðaða við næstu fimm ár, um nýsköpun íslensks þjóðarbúskapar. Skal þar áætlað, hver atvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita, til þess að allir Íslendingar geti haft vinnu við sem arðbæran atvinnurekstur, svo og hvernig bezt verði fyrir komið innflutningi fánlegra tækja og efnis á næstu árum með það fyrir augum að hagnýta sem bezt vinnuafli þjóðarinnar og auðlindir landsins. — Þá skal nýbyggingarráð gera áætlanir um, hvar tækin skuli staðsett, og tillögur um byggingar og aðrar framkvæmdir í því sambandi. Nýbyggingarráð hlutast til um, að slík tæki verði keypt utanlands eða gerð innanlands svo fljótt sem auðið er, og hefur milligöngu fyrir þá aðila, sem þau vilja kaupa og þess óska.“

Með þessu framtaki hins opinbera var þeim ríkisafskiptum af atvinnulífinu, sem áður voru neikvæð, beitt á jákvæðan, skapandi hátt. Það var stigið skref til þess að reyna að tryggja öllum Íslendingum vinnu við sem arðbæran rekstur, þjóðfélagið sjálft gert ábyrgt fyrir útvegum framleiðslutækja og fyrsta spor stigið til þess að koma heildarstjórn á íslenskan þjóðarbúskap. Og þótt þessi tilraun stæði aðeins tæp þrjú ár, tókst á þeim tíma að kaupa mestallan togaraflotann, bátana og millilandaskipin, sem enn eru aðalundirstaða íslensks atvinnulífs. — Jafnvel eftir að nýbyggingarráð var afnumið, voru sett inn í lögin um fjárhagsráð ákvæði um, að stefnt skyldi að áætlunarbúskap á Íslandi. en þau ákvæði urðu einungis pappírskákvæði, þegar áhrif amerískrar auðvaldsstefnu uxu á landi voru næstu árin.

Allar tillögur Sósíalístaflokksins veturinn og vorið 1946—47 um, að undirbúa skyldi 10 ára áætlun um þróun atvinnulífsins, voru felldar. Í þeim fólst að fullkomna nýsköpun sjávarútvegs og iðnaðar á grundvelli hans á næstu 5 árum, en undirbúa samtímis fimm ára áætlun um íslenska stóriðju, er framkvæma skyldi á síðari hluta 10 ára áætlunarinnar. Ef þessum tillögum hefði verið sinnt, hefði verið búið að vinna mikið af því verki, sem nú er óunnið. En afturhald og þröngsýni varð þá ofan á í skjóli amerískra auðvaldsáhrifa.

Síðan nýsköpunin var stöðvuð og hugmyndin um áætlunarbúskap á Íslandi drepin í framkvæmd, hefur þó engin árátt aftur það glapræði að ætla að sleppa að öllu leyti eftirliti og afskiptum ríkisins af gjaldeyrismálum. Í áratug var búið við það millibilsástand, að ríkið tók að vísu til sín allan gjaldeyri af sjávarútveginum og neyddist því til þess að ábyrgjast rekstur hans að meira eða minna leyti, en hins vegar hafði lengst af verið vanrækt að efla svo sjávarútveginn eins og þjóðarnauðsyn bauð. Þvert á móti var farið að gera tilraunir með að láta framboð og eftirspurn, hin blindu, „eðlilegu lögmál viðskiptalífsins“, ráða, hvaða tæki Ís-

lendingar keyptu, með þeim afleiðingum, að á 8 árum (1948—56) voru keyptir 5000 bílar, en enginn togari.

Það hefur allan þennan tíma verið höfuðkrafta verkalýðshreyfingarinnar, að atvinna væri tryggð handa öllum Íslendingum með heildarstjórn á þjóðarbúskapnum.

### 3. Krafan um áætlunarbúskap á tímum vinstri stjórnarinnar.

Þegar vinstri stjórnin var mynduð 24. júlí 1956, var svo ákveðið í stjórnarsáttmálanum:

„Ríkisstjórnin mun láta gera heildaráætlun um framkvæmdir á næstu árum og nýmæli í því sambandi og birta hana þjóðinni.“

Var í því sambandi ákveðið að kaupa 15 nýja togara. — Hvorugt var efnt. Þrátt fyrir sífellda baráttu Alþýðubandalagsins og verkalýðshreyfingarinnar fyrir þessu hvoru tveggja fékkst hvorugt framkvæmt.

25. þing Alþýðusambands Íslands samþykkti í nóvember 1956 einróma eftirfarandi ákvörðun:

„Til þess að tryggja, að fjárfestingu þjóðarinnar verði fyrst og fremst varið til þess, sem þjóðhagslega séð er nauðsynlegast, og til þess að hægt verði að bæta kjör alþýðunnar, telur þingið, að eftirfarandi sé nauðsynlegt:

1. Tekin verði upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, þannig að gerðar verði heildaráætlanir um þróun þjóðarbúskaparins, bæði fyrir eitt ár í senn og 5—10 ára tímabil.“

Vorið 1957 lagði Einar Olgeirsson til, að við endurskipulagningu bankamála-anna yrði áætlunarbúskapur tekinn upp og stjórn Seðlabankans yrði um leið áætlunarráð. Því var ekki sinnt.

Vorið 1958 var því heitið í sambandi við þau lög, er þá voru samþykkt um efnahagsmál, að koma á áætlunarráði. Það heit var ekki efnt.

Vinstri stjórnin sat að völdum frá 24. júlí 1956 til 4. des. 1958. Alþýðubandalagið og verkalýðshreyfingin höfðu lagt á það áherzlu að koma upp áætlunarráði, er gerði heildaráætlun um íslenskan þjóðarbúskap, en það fékkst ekki fram. — Nýsköpunarstjórnin hafði setið frá 21. okt. 1944 til 5. okt. 1946, en framkvæmt ákvörðunina um nýbyggingarráð mánuði eftir valdatöku sína og unnið síðan að nýsköpun atvinnulífsins þannig, að tímamótum olli í Íslandssögunni.

1958—59 stóð þjóðin enn á vegamótum í atvinnusögu sinni.

Það hafði tekizt með baráttu og verkum Alþýðubandalagsins í vinstri stjórnarsamvinnunni að afnema atvinnuleysið að mestu um land allt, eins og sakir stóðu þá. En til þess að tryggja atvinnu handa öllum Íslendingum til frambúðar og það atvinnu, sem væri sem hagnýtust fyrir þjóðfélagið, þurfti að skipuleggja fjárfestingu þjóðarinnar í framtíðinni á grundvelli ýtarlegra rannsókna.

Fjárfesting Íslendinga hefur lengst af verið eins og mest er hjá öðrum þjóðum. 1955—57 var fjárfesting t. d. 30—34% af þjóðarframleiðslunni. En hlutfallið milli fjárfestingar til neyzlu og til framleiðslu er á Íslandi að því leyti frábrugðið öllum öðrum Vestur-Evrópulöndum, að þar sem framleiðslufjárfesting t. d. í Noregi og Danmörku er 75%, en neyzlufjárfesting 25% (miðað við árin 1950—54), þá er sama hlutfall á Íslandi 44% framleiðslufjárfesting (1956) og 56% neyzlufjárfesting.

Nauðsynin á skipulagningu fjárfestingarinnar á Íslandi er því svo brýn, að meðan ekki verður orðið við þeirri kröfu, fer allur þjóðarbúskapur vor á einn eða annan hátt úr skorðum.

Það er jafnauðsynlegt fyrir þjóðina að ákveða fyrir fram á grundvelli ýtarlegra rannsókna, hvornig hún ver þeim fjármunum, sem hún festir í framleiðslutækjum og framkvæmdum, eins og að setja sér fjárlög um ríkisbúskap sinn.

#### 4. Sporin aftur á bak 1959 til 1963.

Þegar ekki hafði tekizt að koma á áætlunarbúskap í tíð vinstri stjórnarinnar, notuðu afturhaldsöflin sér óþolinmæði og óánægju meðal þjóðarinnar með ríkisafskipti án jákvæðrar skipulagningar og lofuðu „frelsi“ á öllum sviðum efnahagslífsins.

Reynslan af því varð sú á árunum 1959—63, að að visu varð nokkurt frelsi um innflutning vara — í krafti útlendra lána, sem urðu þjóðinni dýr, en einokunin á útflutningnum hélzt, — „þjóðnýtingin“ á gjaldeyri útvegsins hélzt, — og harðstjórn og kúgun var tekin upp gagnvart launþegum, ríkisvaldinu beitt með tveim gengislækkunum og vægðarlausri verðbólgu til þess að ræna verkamenn og aðra launþega með þeim árangri, að kaupgeta tímakaups var í desember 1963 81 stig (miðað við 100 árið 1945), eða hin lægsta, sem hún hefur verið í 20 ár. Á fskj. II má sjá þróun kaupmáttarins.

Er nú orðin brýn þörf breytingar og jafnvel greinilegt, að á ýmsum sviðum telja stjórnarvöld ófært að vinna án áætlana, en skilja enn eigi þörfina á heildaráætlun alls þjóðarbúskaparins.

#### Fylgiskjal II.

Hér birtist tafla yfir kaupmátt lægsta dagvinnukaups Dagsbrúnarmanna árin 1945—1964 og enn fremur tafla um mánaðarlegar breytingar árin 1947, 1955 og 1958—1965.

#### Kaupmáttur tímakaups 1. taxa Dagsbrúnar með orlofi 1945—1964.

Ár	Meðaltímakaup skv. 1. taxa Dagsbrúnar í dagvinnu	Visitala tímakaups 1945 = 100	Visitala neyzluvöruverðs 1945 = 100	Kaupmáttur tímakaupsins 1945 = 100
1945	7.04	100.0	100.0	100.0
1946	7.92	112.5	112.5	100.0
1947	8.88	126.1	122.6	102.9
1948	8.74	124.1	125.9	98.6
1949	9.17	130.3	129.0	101.6
1950	10.39	147.6	159.8	92.4
1951	12.59	178.8	210.8	84.5
1952	14.30	203.1	239.1	84.9
1953	15.26	216.7	236.8	91.5
1954	15.34	217.9	239.7	90.9
1955	17.04	242.0	250.9	96.5
1956	19.11	271.4	279.3	97.2
1957	19.67	279.4	291.6	95.8
1958	21.30	302.5	312.5	96.8
1959	22.19	315.2	314.8	101.1
1960	21.91	311.2	344.7	30.3
1961	23.02	327.0	383.1	85.4
1962	25.38	360.5	428.1	84.2
1963	28.82	409.4	482.4	85.4
1964	35.16	499.4	576.2	86.7

**Mánaðarlegar breytingar kaupmáttar tímakaups árin 1947, 1955 og 1958—1965  
ásamt kaupmætti vikukaups 1965.**

Mánuðir	Kaupmáttur tímakaups 1. taxa Dagsbrúnar										Kaupmáttur vikukaups 1. taxa Dagsbrúnar (byrjunart.)
	1947	1955	1958	1959	1960	1961	1962	1963	1964	1965	1965
Janúar .....	100	90	97	109	99	85	83	85	92	87	87
Febrúar .....	99	90	97	97	99	85	83	86	89	86	86
Marz .....	103	91	96	99	98	85	83	85	86	88	88
Apríl .....	101	92	96	99	94	85	82	84	84	88	88
Mai .....	101	102	96	100	92	84	82	84	83	87	87
Júní .....	101	101	100	100	89	85	89	86	83	88	88
Júlí .....	107	100	97	99	89	92	88	90	88	96	88
Ágúst .....	106	100	95	99	88	91	86	88	88	98	90
September .....	107	102	97	99	88	89	87	87	89	99	91
Október .....	103	97	97	99	86	84	84	82	89	95	87
Nóvember .....	105	96	96	99	86	83	84	82	88	93	86
Desember .....	104	100	104	99	85	83	83	86	88		

**Skýringar:**

*Dagvinnukaup:* Miðað við lægsta Dagsbrúnartaxta. Sjúkrapeningar og orlofsfé er innifalið.

*Visitala neytluvöru:* Miðað við gömlu vísitöluna án húsnæðisliðar til marz 1959, eftir þann tíma við A-lið nýju vísitölnunnar, þ. e. a. s. án húsnæðisliðar og án beinna skatta og fjölskyldubóta.

*Kaupmáttur dagvinnukaups:* Með því að deila vísitölu verðlags í vísitölu kaups fæst mælikvarði á kaupmátt þess.

Töflur þessar hefur gert Torfi Ásgeirsson hagfræðingur, fulltrúi Alþýðusambands Íslands í kauplagsnefnd.